

Fundargerð 4.Fundur

Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Mánudagur 22.maí 2023

Fundartími: kl:19:30

Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir

Fundarmenn:

Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Sigurður Ingi Sigurðsson, Harpa Magnúsdóttir og Agnes Björg Birgisdóttir.

Hulda Kristjánsdóttir Sveitarstjóri.

Fulltrúi frá Ungmennafélagi Þjótanda:

Faney Ólafsdóttir

Vegna Fjör í Flóa: Fulltrúar frá koma frá

Fulltrúi frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Jóhanna Kristín Atladóttir

Fulltrúi frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Berglind Björk Guðnadóttir

Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Elín Höskuldsdóttir

Dagskrá:

1. Erindi frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps vegna skipulags á 17. Júní.

Rætt var um hvaða atriði varðandi hátíðarhöld 17. júní falla í hlut hvers. Vilji er fyrir því að hafa hátíðarhöld á einbúa ef veður er gott, Hulda ætlar að hafa samband við Binna um að slá svæðið. Það þyrfti einnig að hefла veginn svo að hann verði fær fólksbílum, Ungmennafélagið ætlar að sjá um að hefла veginn. Hugmynd um að keyra út annaðhvort morgunmat eða hádegismat fyrir fólk eldri en 90 ára. Ákveðið var að meðlimur í menningar-, íþróttá- og æskulýðsnefnd, Harpa, væri partur af 17. júní-nefndinni. Sveitarfélagið kaupir blómaskreytinguna við hliðina á púltinu. Umhverfisverðlaun verða veitt á hátíðinni.

2. Fjör í Flóa loka skipulags menningarnefndar, Þjótanda og Kvenfélaga.

Kvenfélögin sjá um kökubasar (byrja kl. 12), vöfflusala (kl 12), athuga með áhuga á skiptimarkað á plöntum og afleggjurum, athuga með að selja kort til styrktar sjúkráðsins (SSK).

Þjótandi er með sölu á pylsum, drykk og prins póló (byrja kl. 12 og til 2/3), andlitsmálning (kl. 12), kökuskreytingarkeppni (sem fyrst, byrja 12:15, verðlaunaafhending um 13:30 eða inni í annari dagskrá), athuga með hjólarallý (upp úr 14). Rætt var um að hafa kassabílakeppni fyrir næsta ár, of stuttur fyrirvari fyrir þetta ár. Rætt var um fjármagn fyrir kökuskreytingarkeppnina, bæði fyrir efniskostnað og verðlaun.

Sigurður ætlar að sinna gæslu við hoppukastalana, Sigurður á einnig tjald sem hægt er að tjalda ef vilji er til staðar, sveitarfélagið ætlar að passa að völlurinn sé sleginn og rafmagníð sé í lagi.

Einhver verður fenginn til að ganga hringinn í kringum svæðið og tína upp rusl.

Þingborg er opin frá 10 til að setja upp sölubásana.

Setja upp skilti eða annað við afleggjarann hjá Uppsölum eða Túni, það eru til gömul skilti sem hægt er að líma nýja dagsetningu á.

Rætt var um að hætta við fimmtudagskvöldið fyrst að Pétur Jóhann hætti við. Berglind ætlar að byrja kvöldvökuna um 21, Ketill spilar síðan þegar Berglind er búin. Haft var samband við Moskvít til að vera þriðja atriðið.

Kvöldganga í Langholti á föstudeginum. Gengið verður frá veiðikofanum hjá Hallanda að veiðikofanum hjá Langholti. Hugmynd að hafa opið hús hjá Davíð og Berglindi eftir gönguna. Mæting 19:45 og lagt af stað um 20:00.

3. Val á íþróttamanni / konu Flóahrepps

Rætt var um val á íþróttamanni og íþróttakonu Flóahrepps 2022.

4. Menningarstyrkur

Það sótti enginn um menningarstyrkinn, hugmynd um að setja þetta fjármagn í annað verkefni. Nefndin gerði tillögu um að setja helming fjármagnsins í að uppfæra og endurprenta kort af Flóahrepp og hinn helminginn í Fjör í Flóa.

5. Hvatastyrkur erindi frá Stefáni Geirssyni

Bókað að því sé frestað til næsta fundar.

Fundi slitið:

22:20